

## HPE-2016-11 Hríseyjarbúðin

Markmið verkefnisins er að styrkja endurskipulagningu reksturs Hríseyjarbúðarinnar sem á í rekstrarörðugleikum. Verkefnið er að greina hvernig hægt er að ná fram hagræðingu og skipulagi í rekstrinum þannig að verslunin standi undir sér og nái að þjóna hlutverki sínu sem einn helsti þjónustuveitandi í Hrísey. Markmiðið er að rekstur Hríseyjarbúðarinnar nái að standa undir sér þannig að ekki þurfi að koma til lokunar eða skerðingar á þjónustu.

Hríseyjarbúðin er rekin af Hríseyjarbúðinni ehf., sem er félag í eigu 52ja aðila í Hrísey. Félagið var stofnað í maí 2015 gagnert til þess að standa að rekstri verslunar í Hrísey. Upphaflegt hlutfé var 3.610.000.- kr. og yfir félaginu er þriggja manna stjórn. Hríseyjarbúðin er með samning við Íslandspóst um afgreiðslu póstsins og póstburð og líka við Landsbankann um að afgreiða reiðufé. Í Hríseyjarbúðinni er líka Lottókassi. Allur undirbúningur og standsetning búðarinnar var unninn í sjálfboðavinnu af hluthöfum. Í apríl á þessu ári var ráðinn inn verslunarstjóri sem sér um daglegan rekstur Hríseyjarbúðarinnar, sér um póstafrgiðslu og ber út póstin. Þó nokkuð af þeirri vinnu sem áður var unnin í sjálfboðavinnu færðist yfir til nýja verslunarstjórans. Yfir sumarið hafa verið tveir stafsmenn í fullu starfi hjá búðinni, enda mun meira að gera þá og opnunartíminn lengri.

Verkefninu var úthlutað 1.200.000 kr.- í seinni úthlutun ársins 2016.